



Reglur um úthlutun lóða á Nöfum ofan Sauðárkróks

1. Þjónustufulltrúi heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar á Nöfum sem leigð eru til beitar og/eða slæгна.
2. Losni lóð á Nöfum úr leigu skal eignasjóður sveitarfélagsins Skagafjarðar taka ákvörðun um hvort lóðin verði áfram leigð út eða tekin til annarra afnota í samræmi við gildandi aðalskipulag hverju sinni.
3. Lóðir á Nöfum sem eignasjóður tekur ákvörðun um að leigja út skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins Skagafjarðar og í auglýsinga- og dagskrárblaðinu Sjónhorni. Með umsóknum skal fylgja greinargerð um fyrirhugaða nýtingu lóðarinnar.
4. Haldið skal utan um allar umsóknir um land til beitar eða slæгна á Nöfum í málaskrárkerfi sveitarfélagsins Skagafjarðar.
5. Umsóknir um lóðir á Nöfum skal senda til umsagnar Fjáreigendafélags Sauðárkróks.
6. Fjáreigendafélag Sauðárkróks skal gefa umsögn um allar umsóknir sem berast um tilteknar lóðir á Nöfum. Fjáreigendafélag Sauðárkróks ber að skila eignasjóði skriflegri umsögn með rökstuddu mati og einkunnagjöf umsókna.
Við mat á umsóknum skal litið til þess að umsækjendur haldi eingöngu sauðfé til beitar á umræddri lóð eða nýti hana til slæгна enda hafa þeir forgang á auglýstum lóðum sem ætla sér að stunda þar sauðfjárbúskap. Heimilt er þó að halda að hámarki 5 brúkunarhrossum til beitar á hverri lóð til að umsækjandi geti rækt skyldur sínar til afnots afréttar.
Í mati Fjáreigendafélags Sauðárkróks skal einnig litið til fyrirætlunar umsækjenda í umgengni og viðhaldi lóðar og tilheyrandi fasteignar ef einhver er.
7. Umsækjendur um lóðir á Nöfum skulu sækja um leyfi fyrir búfjárhaldi gripa sinna. Allt búfjárhald skal samræmast reglum sveitarfélagsins um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma, nú samþykkt nr. 1264/2015, sbr. breytingarsamþykkt nr. 319/2016.
8. Að undangenginni umsögn Fjáreigendafélags Sauðárkróks úthlutar eignasjóður, eða þjónustufulltrúi í umboði eignasjóðs, lóðum á Nöfum. Í lóðarleigusamningi fyrir beiti- og slæგjulönd eru tilgreindar nánari reglur um umgengni um landið, viðhald girðinga o.fl., svo sem jafnframt er tilgreint í Samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í sveitarfélaginu Skagafirði.
9. Lóðarleigusamningi er heimilt að segja upp á leigutímanum með 12 mánaða fyrirvara af hálfu beggja, þ.e. eignasjóðs og leigutaka. Hverskonar framsal á leigulóðarréttindum er óheimilt. Við andlát er þó erfingja að því sauðfé sem haldið var á lóðinni heimilt að yfirtaka samning hins látna á gildistíma samningsins, enda sé það tilkynnt sveitarfélaginu skriflega og sönnur færðar á eignarhaldinu. Tekur yfirtakan gildi við tilkynningu þjónustufulltrúa til nýs lóðarhafa um færslu á yfirtökunni í skrá skv. 1. gr.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 10. október 2022


Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri  Skagafjörður
Sveitarstjóri

Málsnúmer 2208250